

Smásöluverslanir geta valið milli þeirra uppgjörsaðferða er lýst er í 2. mgr. þessarar greinar en ávallt skal fylgja þeirri aðferð sem í upphafi er valin. Skattstjóri getur heimilað söluskattsskyldum aðila að breyta um uppgjörsaðferð að fenginni umsókn hans þegar breytingar verða á starfsemi eða aðstöðu aðila. Enn fremur getur skattstjóri heimilað söluskattsskyldum aðila sem rekur margþætta starfsemi að nota mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir hina ýmsu þætti starfseminnar enda skili hann söluskattsskýrslu fyrir hvern þátt hennar.

Í stað þess að reikna og færa útsöluverð á hverjum innkaupareikningi er heimilt að sundurliða innkaupin á hverju uppgjörstímabili í álagningarflokka og reikna síðan saman útsöluverð innkaupa samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeirri sundurliðun. Í stað þess að sundurliða innkaupin og færa útsöluverð þeirra í aðalbókhaldi er enn fremur heimilt að færa þau í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Þeir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur og ekki geta haldið sölunni aðgreindri á sölustigi skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. eða 4. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita sem færslur á söluskattsskýrslu byggjast á. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna sem á er byggt í aðalbókhaldi.

Þegar verulegar breytingar verða á birgðum aðila, sem notað hefur uppgjörsaðferðir þær sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, t. d. vegna þess að innkaupavenjur hans breytast, starfsemin breytist að öðru leyti eða rekstri er hætt, getur skattstjóri ákveðið að skipting heildarsölu í söluskattsskylda og söluskattsfrjálsa sölu skuli vera sú sama og næstu þriggja uppgjörstímabila á undan.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi 1. janúar 1979 og skal koma til framkvæmda við söluskattsuppgjör í febrúar 1979 vegna sölu í janúar það ár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta á árinu 1979 skv. c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að þeim gjaldendum sem vænta megi verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1979 gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1979 samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 90 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1978, eftir að frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1979 er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr.

9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 45 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublað sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
 3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1979. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.
 4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
 5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ. e. 31. janúar 1979. Þeir sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1979.
 6. Skattstjóri áætla á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1979. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tölulið hér að framan og að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þingjalda frá fyrri árum.
 7. Stefnt er að því að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1979, hefjist í mars 1979. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1979. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
 8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1979 verður fyrirfram greidd uppbæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Felldur er úr gildi 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.